Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í fyrsta lagi daginn eftir. Ef einn mann. er ókvaddur, skal hann og atkvæðagr. liggja eftir fyrirmælunum um 2. mann. lagafrv. (Sþ.-gr.), og sama er um fyrri mann., ef tveir eru. En síðari mann. fer fram eins og þriðja mann. um lagafrv. (22.-gr.)

Þingsályktunartill., er samþykkt hafa verið í annari þd., má senda hinna deildinni, og láta hana sæta þar sömu meðferð sem nú er sagt hér á undan í gr. þessari. Sé hinni breytt þar, skal hún lögð fyrir Sþ. og útkljáð þar með einni umr. – Sérstaklega má gæta þess, að ákv. í þskpl. 1905 § 30. 3. mgr. um takmörkun á heimildinni til að bera upp brtt.[í þþ.] á einungis við lagafrv. og hennar því ekki til greina um þál.*

Auk þessara almennu fyrirmæla um þál. haldast enn óbreytt ákv. um álit yfirskoðunarmanna, sem það segir í § 28, að það skuli fyrst lagt fyrir Nd., og kjósi hún þrigga manna n. til þess að íhuga það. Till. n. þeirrar skal vísa tveimur sinnum eftir reglunum um aðra og þriðju umr. um lagafrv. Sama er, ef Ed. skipar n. til þess að íhuga álit yfirskoðunarmanna. Ella vísar hún málinu til lykta með einni umr.

Þskpl. 1915 § 29 ... að efni til samhljóða þskpl. 1905 § 29, nema að úr upphafinu er slept skýrgreiningunni á hvað þingsályktunartillaga sé. Og við gr. er bætt ákvæði um, að þál.till., sem fari fram á útgjöld úr landssjóði, skuli jafnan bera upp í báðum deildum og hafa tvær umr. um þær. – Þá er felld niður ákv. um álit yfirskoðunarmanna, svo að þar um gilda nú einungis venjulegar reglur um þál.

Þskpl. 1934 láta fyrirmælin um þál. vera óbreytt að öðru leyti en því að þau hvorki ... úrslita... þó

x "Öðru haldið þó Guðl. Guðmundsson ómótmælt fram 1907, (Alþt. 1907 B. 2838)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1915 um þingsályktunartill., sem bera fram á utanþings úr ríkissjóði, því að
er
nú í § 7 ákveðið, að þær skuli bera upp í Sþ. og hafa tvær umr. um þær.

Þrátt fyrir þessar breytingar á þskp. þá verða engar breytingar á ákv. stjskr. varðandi þál. till.
Fyrr en með stjskr. 1920, því að í stjskpl. 1915 § 15 er sömu fyrirmæli um athugasemdir yfirskoðunarmanna og í stjskr. 1874 § 26. Þessi ákv. er og enn í stjskr. 1920 § 39.
Þar er og í § 51 sagt, að hvorug þingdeildin megi taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það. En til viðbótar þessum er nú í § 34 fyrirmæli, sem ætla verður að eigi beinlínis við þál, þar sem segir, að hver d. hafi rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frv. til laga og annara samþykkta.

Svo sem af framan sögðu
1905 1)
má sjá, þá gera þskp. að ýmsu leyti grundvallarbreytingar á ákv. um þál. till.

Í fyrsta lagi heimila þau beinlínis að bera þál. till. upp í Sþ. Þessu ákv. var bætt inn í frv. stj. skv. till. n. í Nd. og segir hún í nefndaráliti sínu til stuðnings, að réttara hafi þótt að taka það beint fram í lögunum, að þál. till. megi bera upp í Sþ. Mundi slíkt þó sjálfsagt koma sjaldan fyrir. En hún gerði þó varla upp till. um málssókn á hendur rh. Einnig mætti bera þar upp till. er snerti alþingishús og muni þess, alþingishúsgarðinn o. þ. h. Gegn þessu var engum verulegum atkv. beitt, en þó taldi Árni Jónsson enga ástæðu til að þál. till. séu bornar upp í Sþ., því að það hafi annað hlutverk. Ekki vill hann þó

Í öðrum ýmsum lögum frá síðari árum er einnig tekið um upphaf þál. í Sþ., skv. l. 44. 1933 § 2, 2. mgr., þar sem segir, að tekjum byggingarsjóðs Íslands skuli varið skv. ályktun á fundi í Sþ. í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.
Skv. l. 39. 1928 § 18, 2. mgr. tekur Alþingi í Sþ. ákvörðun um það, að samningar slíkir, sem felst í, sbr. falli niður.
Skv. l. 49. 1928 um stofnun síldarbræðslustöðva § 2 þarf samþykki beggja deilda Alþingis til þess að selja megi síldarbræðslustöð ríkisins. Þessu ákv. er haldið í l. 14. 1935 um síldarverksmiðjur ríkisins § 5.

1) Alþt. 1905 B. 2076

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

halda þessu fast fram¹.

Það er því auðsætt, að 1905 hefur verið talið, að það yrði nánast í undantekningartilfellum, að þál. till. yrðu bornar upp í Sþ. Forsm. ræðir fyrst og fremst till. um málssókn gegn ráðherra. Fær það og út af fyrir sig staðist, að slíka till. megi bera upp í Sþ. skv. því sem áður var sagt, en algerlega óþarfi var að setja almenn fyrirmæli um uppburð þál. till. í Sþ. hennar vegna, því að um hana eru sérákv. í stjskr. og landsdómsl., sem gilda um uppburð hennar en veita heldur enga almenna heimild til að beita þessari aðferð. Önnur tilfelli sem forsm. tilfærir má heimfæra undir svokölluð „innanþingsmálefni", en um þau hafði það stundum tíðkast að þál. væru bornar upp í Sþ., einungis áður en nokkur heimild var til þess í þskp. Ætlunin hefur því verið sú að fara varlega í að nota þessa heimild, enda verður að telja, að á meðan fyrirmælum stjskr. 1874 var óbreytt, hafi verið ákaflega hæpið að hún gæti samrýmst stjskr., þar sem í öllum þeim gr. hennar, er helst má telja þetta mál varða, er einungis gert ráð fyrir ályktunum deildanna.

En því varhugaverðari varð þessi ákv. þskp. eftir að stjskr. var 1920 breytt svo, að þar er nú að finna beina heimild fyrir þál. till. því að stjskr. 1920 fær einungis „hvorri deild" rétt til að bera fram og samþykkja þál. að öðrum samþykktum en lagafrv. Í næstu setningu á eftir er hinsvegar hvorri þd. eða Sþ. heimilað að senda konungi ávörp. En svo sem fyrr er frá skýrt var það fastur skilningur eftir 1875 og þar til þessi viðbót ... Sþ. hefði einungis

¹) Alþt. 1905 B. 2091

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ávarpsrétt, að hann væri einungis hjá deildunum. Út frá venjulegum skýringarreglum virðist því eðlilegast að álykta e contrario um þingsályktanir og segja, að skv. stjskr. 1920 L 34 sé óheimilt að bera þær upp í Sþ.

Þessi skilningur hefur þó ekki verið tekinn upp, heldur hefur ætíð verið talið heimilt að fara eftir ákv. þskp. um upphaf mála í Sþ., og með þskpl. 1934 10. 37 er beinlínis fyrirskipað, að vissar þál. skuli bera upp í Sþ.

Fyrsta till., sem borin var fram í Sþ. skv. heimildinni í þskp. 1905, var flutt 1907 svohljóðandi: Út af nýframkomnum ómaklegum dylgjum og árásum á landstj. við 2. umr. fjárl. í Ed. lýsir þingið yfir fullu trausti sínu til ráðherrans.[1] Aðalflm. þessarar till. (Guðl. Guðm.) gerði í framsöguræðu sinni grein fyrir, að eftir því sem þingið sé skipað, þá virðist réttast, að slík yfirlýsing komi frá Sþ., fremur en frá Nd. eða deildunum hvorri í sínu lagi. Sþ. sé volduguborinn æðsti dómstóll þingsins, sem skeri úr ef deildirnar greini á. Um fjárl. hafi Sþ. æðsta atkvæði og einfaldur meiri hluti þess skeri úr öðrum ágreiningsmálum um fjárlögin. Í öllum þingræðislöndum muni siðurinn, að sá hluti þings, sem æðst atkvæði hafi um fjárlagamálin ráði og mestu um það, hvort stjórnin haldi völdum eða ekki. Hér sé það Sþ., en önnur lönd með svipaðri þingskipun hafi ekkert tilsvarandi, og hjá þeim flestum sé það því þjóðkjörna málstofan, sem úr þessu skeri. Þá sé það og fjárlagamál, sem sé tilefni þess, að till. sé fram borin.[2] Ennfremur heldur sami þm. því fram, að deildir þingsins og Sþ. hafi þeirra [illegible] í [illegible]

1) Alþt. 1907 A. 1233

2) Alþt. 1907 B. 2891-2892

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

traust á stj. með því að samþykkja þjóðl. í einu hljóði, því að enginn selji þeim stjórn þjóðl. í hendur, sem hann beri ekki traust til[1]. – Í umr. komu engin mótmæli fram gegn því, að till. væri borin upp í Sþ. En þess ber að gæta, að enginn stjórnarandstæðingur var viðstaddur atkvæðagreiðsluna, og má e.t.v. skilja það svo, að þeir hafi þar með viljað mótmæla því, að þessi aðferð var viðhöfð við uppburð till. Gegn því má þó benda á það, að þeir voru við þegar ákveðið var, hvernig ræða skyldi till. og komu þá heldur engin mótmæli fram[2]. – En vegna þess að stjórnarandstæðingar voru ekki á fundi vantaði 14 þm. 14 þm. greiddu hins vegar atkvæði með till., en rh. sat hjá og forseti hafði ekki atkvæðisrétt skv. þskpl. 1905 § 10. Af þeim 14 þm., sem ekki mættu á fundinum voru 6 úr Ed. En auk þeirra mátti forseti ekki taka þátt í atkvgr., svo að það var einungis réttur helmingur þm. úr Ed., sem það gerði, og taldi forseti því ekki fullnægt skilyrði stjskr. § 28 um að meira en helmingur úr hvorri þd. yrði að vera á fundi í Sþ. og eiga þátt í atkvgr. til að gera þar fullnaðarályktun í máli, og væri þingið því ekki fært um að gera lögmæta ályktun í þessu máli[3]. Ráðherra taldi skilgreininguna sér eins mikils verða, þótt minni hl. hafi þannig með hjálp eins kgk. þm. tekist að gera fundinn óhæfan til ályktunar[4]. Síðan þann sama dag var aftur settur fundur í Sþ. og bar forseti þá till. aftur upp til atkv. Voru þá viðstaddir nokkrir þm. úr Ed., sem ekki höfðu verið við fyrr, en þeir gengu út úr salnum jafnskjótt og till. var borin upp[5].

Virðist erfitt að skilja þessa

1) Alþt. 1907 B. 2896, sbr. 2893.

2) Alþt. 1907 B. 2889–2898.

3) Alþt. 1907 B. 2897

4) Alþt. 1907 B. 2897–2898

5) Alþt. 1907 B. 2898.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

57.

Standur það e.t.v. í sambandi við það, að ~~stjórnar~~ einn af foringjum stjórnarandstæðinga, Skúli Thoroddsen, heldur því fram (~~utan sambands~~) við annað tækifæri á þessu þingi, að stj. eigi að víkja úr völdum, er meiri hl. þjóðkj. þm. snúist gegn henni án tillits til konungkj. þm. Telur þó að þetta sé ekki tvímælalaust skv. þá gildandi stjórnarskrá og þurfi því að breyta henni svo að þetta verði ótvírætt. Alþt. 1907 B. 2755, 2789, 2801.

framkomu stjórnarandstæðinga á annan veg en þann, að þeir hafi álitið rangt að bera till. upp í Sþ.+ En og andstætt að flm. hefðu talið þess réttlætingar þörf að svo var gert. En hvað sem um það er, þá er hér komið að mikilvægu atriði, sem rétt er að rannsaka nokkru nánar. Því að þótt það hafi ætíð verið viðurkennt eftir að ráðherra varð innlendur, að Alþingi skyldi de facto ráða hver eða hverjir þeim stöðum ~~skyldu~~ gegndu, þá er þar með engan veginn sagt, hvort ráðherra ~~nægi~~ þurfi einungis trausts einfalds meiri-hluta þings., þ.e. Sþ., eða hvort hann þurfi e.t.v. einnig trausts beggja deilda, eða loks að honum nægi traust annarrar deildarinnar, þó að hann hafi ekki traust þingmeirihlutans. – ~~Þetta~~ Þessi úrlausnaratriði koma einkum fram í því, hvar trausts- eða vantrausts-yfirlýsingar eru framkomnar og virðist því heppilegast að taka þau til meðferðar í þessu sambandi.

Þegar litið er á venju um þetta eftir 1907 kemur (~~strax~~) í ljós, að strax 1909 er nokkur ágreiningur í þessu efni. Þá bera stjórnarandstæðingar fram í báðum deildum samhljóða till. þess efnis, að hvor d. um sig væntir þess, að ráðherra beiðist lausnar![1] Í umr. í Nd. getur rh. (Hannes Hafstein) þess, að m.a. hafi verið um það talað við stjórnarandst. áður en till. komu fram, að till. yrði einungis ein og væri borin upp í Sþ., en í þess stað séu till. tvær, hvor í sinni deild.[2] Björn Jónsson segir, að það hafi verið staðhæfingar rh., að fyrst hafi komið til orða, að vantraustið væri borið upp í Sþ., en meiri hluti Sjálfst.flokksins hafi betur

1) Alþt. 1909 A 206.

2) Alþt. 1909 B. II 617

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

felt sig við, að till. væri borin upp í deildunum, þótt tvíverknaður væri. Enda megi vel komast hjá honum, ef vh. vilji láta sér lynda atkv. Nd., svo sem hann hafi bent til þess í einkasamtali, ef auk vissra loforða um afgreiðslu sambandsmálsins væri ábyrgst, að meiri hluti í Ed. væri sama sinnis um vantraustið sem meiri hluti í Nd. Og kvaðst Björn geta fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins ábyrgst þetta[1]. Jón Ólafsson segir hins vegar meiri hl. hafa tekið till. aftur í Ed. til að binda fyrir munninn á minni hluta mönnum þar í deild[2]. Þessu svarar Bjarni Jónsson svo, að það sé eftir ósk vh., að till. sé ekki flutt fram í Ed.[3] Till. í Nd. var samþykkt, en till. í Ed. kom aldrei til afgreiðslu[4]. ~~[illegible]~~ Sagði vh. af sér eftir samþykkt Nd. till. og lét sér nægja ásamt yfirlýsingu Björns Jónssonar um vilja Sjálfstæðismanna í Ed., en í þeirri deild voru þeir einnig í meiri hluta.

Árið 1911 kom fyrst fram vantraust á Björn Jónsson ráðherra. Voru um það samtímis fluttar till. sín í hvorri deild[5]. Till. var einungis rædd í Nd. og samþykkt þar, en kom ekki til afgreiðslu í Ed. Daginn eftir að till. í Nd. var samþykkt baðst ráðherra lausnar. Í umr. sést ekki vikið að því, af hverju þessi háttur er hafður á um uppburð vantraustsins[6]. En skiljanlegt er, að ekki hafi verið talin nauðsyn á að ræða till. í Ed. eða greiða þar atkvæði um hana eftir samþ. Nd. till., þar sem 3 af flokksmönnum ráðherra voru flm. Ed. till., og því vitanlegt að vh. var kominn þar í minni hl., þar sem allir kg.kjörnir þm. voru yfirlýstir andstæðingar hans. – Bent er á það í umr., að vh. hafi verið

1) Alþt. 1909 B. II 640.

2) Alþt. 1909 B. II 653

3) Alþt. 1909 B. II 656–657

4) Alþt. 1909 B. II 685 B. I 999
Hinsvegar voru ráðherraskiftin tilkynnt í báðum deildum. B. I 1083 og B. II 1996–1997. Þá má geta þess, að í Ed. kom fram fyrirspurn til vh. út af landsbankarannsókn og hlutdeild hans. Um hana var samþykkt rökst. dagskrá, sem m.a. lýsti fullu trausti á ráðherranum. B. I 1083

5) Alþt. 1911 A. 233

6) Alþt. 1911 B. II 674–797 I 963

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Benedikt Sveinsson

1) Alþt. 1911 B. II 674

2) Alþt. 1911 Skúli Thoroddsen B. II ~~763~~ 763-764

3) Alþt. 1911 B. II 796

4) Alþt. 1911 ~~A.~~ 233

Sömu dagana voru bæði í Nd. og Ed. gefnar yfirlýsingar um afsögn fráfarandi rh. og skipun nýs rh. Alþt. 1911 B. II 798-801 og B. I 964-966

5) Alþt. 1911 B. II 799 B. I 965

6) Alþt. 1911 B. II 811, 814

7) Alþt. 1911 B. II 799-800, 803-804,

kunnugt um, að svo margir flokksmenn hans sjálfs hefðu snúist á móti honum, að hann var a.m.k. í minni hluta á þingi.[1] Auk þess er því haldið fram, að leynileg atkvæðagreiðsla hafi sýnt, að meiri hluti flokksins vildi losna við hann.[2] Við þetta má bæta því, að í Nd. greiddu 15 þm. atkvæði með vantraustinu[3], ~~og~~ þegar þar við bætast þeir 3 þm., sem fluttu vantraustið í Ed.[4], þá eru það 18 þjóðkjörnir þm., sem þannig eru ótvírætt andstæðingar rh. Hann var því ekki einungis kominn í minni hl. í báðum deildum, heldur einnig í minni hluta meðal þjóðkjörinna þm. einna, þar eð þeir voru ekki fleiri en 34.

Hinn 15. mars 1911 tilkynnti Kristján Jónsson, að hann hefði verið útnefndur rh. af konungi. Sagðist hann hafa haft ástæðu til að ætla, að ekki færri en 23 þm. mundu styðja sig eða a.m.k. ekki amast við sér sem ráðherra, og sé því óhætt að fullyrða, að þingræðinu hafi ekki verið traðkað eða að neinn hefði misboðið.[5] Síðan, undir umr. um vantraustið á hann, lýsir Kr. J. yfir því, að hann hafi talið sér og telji sér stuðning 17 þjóðkj. þm., þ.e. rétts helmings þeirra og auk þess hafi hann stuðning allra þeirra kg.kjörnu.[6] Skúli Thoroddsen hóf þegar mótmæli gegn skipun Kristjáns Jónssonar og taldist sjálfur hafa haft stuðning 20 eða 21 þm., og séu þeir allir þjóðkjörnir og hafi hann því haft stuðning meiri hluta allra þm. og miklu meiri hluta þjóðkjörinna þm.[7]

Allmargir þm. ~~Með~~ Sk. Th. í broddi fylkingar fluttu síðan í Nd. till. um, að Nd. ályktaði að lýsa yfir vantrausti sínu á Kristjáni Jónssyni sem rh. og í viðaukatill. var á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1) Alþt. 1911 A 360-403

2) Alþt. 1911 B. II 810.

3) Alþt. 1911 B. II 838

4) Alþt. 1911 B. II 808-810

5) Alþt. 1911 B. II 829

hann skorað að beiðast lausnar þegar í stað! Undir umr. flutti Björn Þorláksson svohljóðandi rökstudda dagskrá: „Þd. telur ekki rétt, að nokkur sé skipaður í rh. sess, ef hann hefur ekki stuðning meiri hl. þj.-kj.-þm., nema ekki sé annars kostur, svo að í hili þurfi að skipa mann til að veita umboðsmálum forstöðu. En í því trausti, að núverandi rh. framfylgi stjskr.-breytingu á þessu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“[2] Þessi rökst. dsk. var samþykkt með 13 atkv. gegn 12. Með voru allir heimastjórnarmenn og nokkrir sjálfstm. Á móti meiri hluti sjálfstæðismanna[3].

Björn Þorláksson viðurkenndi, að rh. hafi ekki haft stuðning meiri hl. þm. og sérstaklega ekki stuðning meiri hl. þj.-kj. þm., en hann hafi tekið á móti útnefningunni. Leggur mikinn áherslu á, að ekki sé rétt, að nokkur sé skipaður rh. án fylgis meiri hluta þj.-kj. þm. og slíkur verði að mótmæla. Samtímis sé þó nú ekki heppileg mótmælaaðferð en rökst.-dagskrá sé jafn-áhrifamikið fordæmi og vegleg vantraustsyfirlýsing[4].

Ekki kemur mönnum í umr. saman um fylgi ráðherraefnanna hvers um sig. En næst hinu sanna virðist Jón Ólafsson komast, er hann segir, að hvorugur hafi haft fylgi nema lítils minni hluta, þótt hvor um sig hafi líklega haft vissu fyrir, að sér yrði ekki steypt á þessu þingi[5]. Enda leggur Kristján Jónsson áherslu á það, að konungur hafi rétt til að taka hvern mann, sem hann vilji úr meiri hluta flokkanna, til ráðherra. En Kr. J. telur sig hafa verið í þeim flokki og m.a.s. í [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingsögu fyrir. ráðherra. Þessi réttur konungs sé jafnvel viðurkenndur í Englandi. Þá telur hann (Kr. J.), að algjörlega rangt sé að tala hér um þingræðisbrot, því að þingræði sé það, að þingið, meiri hluti þess, eigi að ráða, en þegar talað sé um meiri hluta Alþingis, verði auðvitað að telja með hina konungkj. þm. Þeir hafi sama rétt til að vilji þeirra sé tekinn til greina og hinir þjóðkj. þm., enda detti engum í hug, að svo sé ekki um lagafrv. og mál almennt, og hví skyldi ekki það sama eiga við um þetta mál. Af þessu leiði, að ef vantraustið verði samþykkt í Nd., þá krefjist hann þess, að till. um það verði einnig borin upp í Ed. Ed. hafi fyllilega sama rétt til að greiða atkvæði um þetta mál og Nd., og hann muni ekki byggja sig skyldan til að taka til greina einhliða yfirlýsingu Nd. í þessu máli, og muni það því ekki hafa tilætluð áhrif á sig, þótt Nd. samþykki till.[1]

Undir þessa skoðun Kr. J. tekur Jón Ólafsson, sem segir, að atkvgr. í Nd. sé ekki einhlít, því að þótt 13 þm. samþykki vantraustið, þá sé 13 ekki meiri hluti 40 þm. Ef því svo reynist, að meiri hl. Nd. sé ráðh. fráhverfur, þá verði einnig að reyna atkvgr. í Ed., og þá taki fyrst af tvímæli um þingstyrk ráðh. Á meðan konungkj. þm. séu, þá hafi þeir sama rétt og þjóðkj. þm. Enda viti allir, að atkv. séu talin en ekki vegin, og fái því ekki staðist, að ráðh. þurfi að hafa meiri hl. þjóðkj. þm. með sér.[2]

Þrátt fyrir þessa skoðun sína greiddi Jón Ólafsson atkvæði með rökst. dagskrá Björns Þorlákssonar. Og Kr. J. sjálfur taldi sig að vísu ekki sammála fyrsta lið hennar, en sagðist þó geta látið sér hana lynda og skoðaði hana sem traustsyfirlýsingu

1) Alþt. 1911 B. II 811-813

2) Alþt. 1911 B. II 832-833

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til sín![1]

Gegn ~~staðhæfingunum~~ fullyrðingunum um jafnrétti kgl. kj. þm. að þessu leyti heldur Skúli Thoroddsen því fram, að kgl. hafi brotið þingræðisregluna, sem hingað til hafi verið fylgt hér við útnefningar, bæði 1904 og 1908 (sic), með því að taka við skipun sem kgl. þótt meiri hl. þj. kj. þm. væri á móti honum. Konungur hafi og viljað láta þingið ráða útnefningunni nú eins og áður[2], eða a.m.k. gefið þinginu undir fótinn um það með skeyti til forseta Sþ. 28. febr. Hafi og kgl. ekki litið svo á 1909, að konungur réði hverir yrðu kgl. af meiri hl. flokksmanna, heldur að atkvæðafjöldi innan flokks réði, enda sé það ekki rétt að á sama standi, hverir séu valinir kgl. úr sama flokki.[3] Slíkt megi öllum vera ljóst, að mikill þjóðarinnar kunngjörist þessi fyrsta máta, að meiri hluti þjóðkj. þm. ráði einn útnefningu kgl., en kgl. komi þar ekki nærri. Ekki síst þar sem kjörtími þeirra sé bráðlega útrunninn, og sumir hafi m.a.s. verið í vafa um hvort þeir ættu að eiga sæti á þessu þingi.[4] Aðalatriðið sé, að vilja meiri hl. þings og meiri hl. þj. kj. þm. sé traðkað og fordæmi skapað, sem óvíst sé hve skaðlegar afleiðingar geti haft. Konungsvaldið eða danska valdið sé að smeygja sér inn og ætli að fara að hafa áhrif á okkar helgasta rétt, þingræðið, og svifta okkur honum, og því sé mótmæla þörf.[5]

Bjarni Jónsson telur kgl. ekki eiga heima í fullkomnu kerfinu, en þó þeir séu hjá okkur, eigi það eftir eðli málsins ekki að taka til þeirra, hver stjórni. En eða þess sér þeir á förum og ætti að vera þannig (hér ekki ljóst hvort átt er við þá verandi kgl. þm. eða kgl. yfirleitt).

[illegible]

1) Alþt. 1911 B. II 817.

2) Alþt. 1911 B. II 801-803

3) Alþt. 1911 B. II 822.

4) Alþt. 1911 B. II 805

5) Alþt. 1911 B. II 807-808.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verið brotin með þessari rh.-skipan. Loks má geta þess, að forseti Ed., Jens Pálsson, segir í sambandi við annað mál, að sér hafi heyrst ráðherraútnefningin koma ýmsum þm. á óvart og þeim finnast með henni nærri gengið þingræðinu og sérstaklega vilja meiri hl. þjóðkj. þm.[2]

Á þingi 1913 kom ekki til þess að bein vantraustst.till. væri borin fram, en þau atriði, sem hér um ræðir, komu þó til umræðu. Var það fyrst og fremst í sambandi við „lotterímálið", sem þetta bar á góma. En í því lá svo, að um leið og rh. Hannes Hafstein, lagði stj.frv. fram í Nd. gaf hann skýrslu um fjárhag landsins. Í lok ræðunnar gat hann þess, að við fyrsta tækifæri mundi hann gefa í Sþ. skýrslu um afdrif lotterífrv. frá þinginu á undan.[3]

Áður en sú skýrsla væri gefin bar Lárus H. Bjarnason fram í Nd. fyrirspurn um það, hvernig á því stæði, að frv. var ekki staðfest af konungi.[4] En kom að skýrslugjöf rh. í Sþ. lýsti L. H. B. yfir því f.h. flokksbræðra sinna, að þeir mundu ekki hlýða á lotterímálið í Sþ., vegna þess að fyrirspurn sé komin fram um það í Nd. og teldu þeir því það eitt hafa, að fyrirspurninni sé svarað þar.[5] Þá lýsti Skúli Thoroddsen (því og yfir) f. umboði sinna flokksmanna, að eigi væri rétt að ræða lotterímálið í Sþ. að svo stöddu, þar sem í skýrslugjöf rh. fælist þá bein tilraun til að draga úr þeim áhrifum, sem Nd. ætti að hafa skv. stjskr., þar sem þar sé þegar komin fram fyrirspurn um málið.[6] Rh. sagðist hinsvegar eiga að skýra þinginu í heild frá nokkrum málum, þ.á.m. lotterímálinu. Hann hafi þegar í þingbyrjun sagt frá því, að um lotterímálið mundi hann gefa [illegible] í Sþ. [illegible]

1) Alþt. 1911 B. II 826-827.

2) Alþt. 1911 B. I 416.

Ráðherraskiptin 1912 fóru fram án þess, að til atkvæða vantraustsyfirlýsingar kæmi, en það var tilkynnt í báðum deildum, en það var tilkynnt sig á samt skeytum út af þeim, og fóru þær fram með sama hætti í báðum deildum, þ.e. þannig að fyrri rh. vikur sæti og sá nýi „tekinn við". Alþt. 1912 B. II 17-11, B. III 1106-1109.

3) Alþt. 1913 B. 619

4) Alþt. 1913 A. 292

5) Alþt. 1913 B. I 10

6) Alþt. 1913 B. I 11

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óþarft að gera sér það ómak að flytja fyrirspurnina í Nd. Ætlunin hafi aldrei verið sú, að í Sþ. yrði gerð nokkur ályktun um þetta mál út af því, en ef menn óski að gera ályktun um það, þá sé nógur vegur t.a.m. koma málinu inn í Nd., þó að þessi skýrsla sé nú gefin í Sþ.[1] Forseti ~~talaus~~ lýsir síðan yfir því að beinlínis ætlast til þess, að þessi skýrsla sé gefin í Sþ. ~~Gengu~~ þá 9 þm. af fundi en 4 voru fjarverandi áður. Allir þessir 13 þm. voru úr Nd.[2] Þvínæst gaf rh. skýrslu sína, fyrst um lotterímálið, síðan um kjöttollssamn. við Noreg út af þál. Nd. árinu áður og loks framkvæmd steinolíueinkasölulaganna[3].

En lotterífyrirspurnin kom á dskr. í Nd. var hún leyfð með öllum atkv.[4] Undir umr. bar L.H.B. fram svohljóðandi rökst. dskr.: Deildin telur frammistöðu rh. í lotterímálinu mjög aðfinnsluverða, en tekur þó fyrir næsta mál á dagskrá í því trausti, að slíkt komi eigi fyrir aftur.[5]

Af hálfu stuðningsmanna rh. er því haldið fram, að ~~[illegible]~~ búið hafi verið að ákveða daginn, þegar rh. skyldi gefa skýrslu sína í Sþ. áður en fyrirspurnin í Nd. kom fram, þó að dagskrá fundarins í Sþ. væri útbýtt síðar. En hinsvegar hefði mátt við, að fyrirsp. yrði tekin aftur, er sýnt var að skýrslu átti að gefa í Sþ. þenna dag. Fullkomið andvaraleysi hafi það verið að 9 þm. úr Nd. hafi gripið algerlega að nauðsynja- og ástæðulausu til þess óyndisúrræðis að hlaupa af fundi í Sþ. til að gera hann óályktunarfæran. Ekki hafi átt að gera neina ályktun á þessum fundi í Sþ. Báðar deildir hafi átt jafnan,

1) Alþt. 1913 B. II 11.

2) Alþt. 1913 B. I 12

3) Alþt. 1913 B. I 12-31.

4) Alþt. 1913 C. 220-221

5) Alþt. 1913 C. 424

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þvi að bótterðfrv. hafi einn og önnur
lagafrv. verið samþ. af b.d. Auk
þess hafi verið hagkvæmt að gefa skýrsl-
una : Sþ. : stað þess að gefa skýrsl-
hana : b.d., því að það hafi sparað
tíma þingsins og stytt þingtímann-
in. Frsm. hafi borið fyrir sig, að
skýrslan væri um fjármál og ætti
því fyrst að gefast : Nd. En það sé
ekki annað en fjárl. og fjáraukal.,
sem eftir stjskr. eigi fyrst að legqj-
ast fyrir Nd., en ekki önnur frv.,
þótt venjan sé sú, að frv. um
tekjur landsins sé fyrst lögð fyrir
hana ; og alls ekki skýrslur. Fyrirsp.
sé hinsvegar ekki fram borin til að fá
skýrslu um málið, heldur til að fá tæki-
færi til að gera deildinni álygtun út af
því. Enda sé með henni vöknt. dagskrár
ætlast til að d. vegi að rh., þótt venjan
sé ekki nema með tilraunum. En
meiri hl. sá sem kunni að safnast um
þetta tilræði sé mjög sundurleitur
og komi sér saman um það eitt að
steypa rh. ; og sé ólíklegt, að nokkur
geti safnað um sig álitlegum
meiri hl. til ráðherradóms! Að vér
líta : tilh. sem beina vantrausts-
yfirlýsingu á rh.? Eða a.m.k. sé
tilgangurinn sá að hrinda rh. af
stóli. En alveg sé óvíst hvað við taki.
Að till. standi tvö flokksbrot : deild-
inni, sem hafi sameinað saman til þess
eins að bera hana fram, en muni
verða sundur óðara en rh., sé fallinn
frá. Að vísu megi einnig skilja till.
svo, að : henni felist ekki vantraust,
og væri æskilegt, að þeir, sem stæði-
ðu hana svo, en ætluðu að greiða
henni atkv., lýstu yfir því.[3]

Rh. sjálfur taldi að vísu
hæpinn till. stofnað, að hún
muni eiga að merkja sama og van-
traustsyfirlýsing, en sakir þess,
hve hún sé tvíræð og óákveðin

Jóhannes Jóhannesson

1) Alþt. 1913 b. 424-427.

2) Einar Jónsson Alþt. 1913 b. 428

3) Kristján Jónsson Alþt. 1913 b 450-451

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá mundi hann ekki taka hana sem vantraustsyfirlýsingu eða ósk um stjórnarskifti og mundi hann ekki segja af sér hennar vegna, þótt hún væri samþykt í einu hljóði. Meðan meiri hluti þingsins óski ekki stjórnarskifta mundi hann ekki um sinn hörfa af hólmi" og ég vik ekki nú, nema að meiri hluti þjóðkjörinna þm. a.m.k. lýsi yfir ósk um að ég fari frá", segir rh. Meiri hluti Nd., þótt ekki sé nema eins manns meiri-hluti, að vísu hvert sér hægt samt með því að drepa mál, sem miklu varði, og samþykt hin og þessi frv., sem ekki sé unt að fá staðfest. En ekki sé rétt að leggja árar í bát, þó að nokkrir þm. í Nd., sem ekki sé meira en þriðjungur þingsins að höfðatölu, sé eitthvað óánægðir með rh.![1]

L.H.B. fullyrðir, að þrátt fyrir allar yfirlýsingar, hefði meiningin verið að vegna að fá ályktun í Sþ. um málið, og sé ekki undarlegt, þótt haft sé á móti því, að sakborningurinn (?) skjóti sér undan réttum vanum þingi og þannig, sem hann telji sér vísa eða líklega sýknun.[2] Rökst. dsk. segir sé „vitanlega" vantraustsyfirlýsing, enda þótt meiningin með henni sé aðallega að verja þingið fyrir hættulegu fordæmi, þ.e. því, að rh. geríst eftirleiðis svo ráðríkur að ráða því sjálfur, hvaða mál hann beri upp fyrir konungi og hvað ekki.[3]

Rökst. dsk. L.H.B. var að lokum samþykt með 13 atkv. gegn 11. Hannes Hafstein greiddi ekki atkv.[4] Þrátt fyrir áskorun Kristjáns Jónssonar tók enginn þeirra, sem greiddi rökst. dsk. það fram, að hann skoðaði hana ekki sem vantraustsyfirlýsingu.

Við atkvæðagreiðsluna [illegible] síðar á þinginu

1) Alþt. 1913 B. 431-432

2) Alþt. 1913 B. 433

3) Alþt. 1913 B. 453-454

4) Alþt. 1913 B. 455-456.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en rh. brugðið um það, að hann bryti þingræðið með setu sinni, þar sem ýmis mikilsvarðandi frv. hafi verið feld fyrir stj., sum í einu hljóði í Nd. eða svo til. Í lotterídsk. hafi og falist fullkomin vantraustsyfirlýsing. Þá sé rh.-bles á móti ýmsum þeim málum, sem hafi verið samþykt á þinginu.[1] Sé þetta ástand eðlileg afleiðing þingræðisbrotsins 1911.[2] Úr þessum fullyrðingum dregur þó það, að Eggert Pálsson, sem var einn þeirra, er greiddi atkv. með lotterídsk., segir að hingað til hafi ekki verið um að ræða vantraustsyfirlýsingar á rh., og hann muni enn sem komið er verða tregur til að styðja hana.[3] Og enda þótt Skúli Thoroddsen, svo sem fyrr segir, telji að stj. hafi þegar átt að segja af sér, þá telur hann það mesta happ fyrir rh., ef hann fengi svo greinilega vantraustsyfirl., að hann færi frá völdum hið allra bráðasta,[4] og bendir það til þess, að hann telur lotterísdsk. ekki alveg fullnægjandi vantraustsyfirl.

Rh. heldur því fram á móti, að í sambandi við hin mikilsverðustu frv., sem fallið hafi, þá hafi sumir þeir, er á móti frv. voru, látið uppi það álit, að ekki mætti skoða fallið sem vantraust á stj.[5] Þá skoraði rh. á andstæðinga sína að bera fram vantraustsyfirl. á sig í stað þess að vera sífeldlega með þessa máttlausu títuprjónsstingi. Þá mundi koma fram, hvað meiri hl. þjóðkj. þm. vilji í þessu efni. Ef meiri hl. (ekki tekið fram hvort átt er við meiri hl. þjóðkj. þm., en skv. sambandinu virðist við það átt) vilji að hann fari, þá skuli hann vissulega engri þrásetu beita.[6] Og síðar í umr. segir [illegible]

1) Benedikt Sveinsson. Alþt. 1913 B 1015, svipað Guðm. Eggerz B. 1041, 1102, 1103. Sama efnis ~~Skúli Thoroddsen~~, Valtýr Guðm. B. 1093-1095

2) Skúli Thoroddsen Alþt. 1913 B. 1043-1044.

3) Alþt. 1913 B 1127-1128, 1131-1132.

4) Alþt. 1913 B. 1051

5) Alþt. 1913 B 1077 sbr. og Pétur Jónsson B 1107-1108.

6) Alþt. 1913 B. 1063-1064

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...veinhlutis, að ef meiri hl. þjóðkj. þm. ætlist til að hann fari frá, þá muni ekki standa á sér. Í sömu setningunni tekur hann það þó fram, að landskj. þm. eigi samt líka fullt atkvæði um það, hvort hann sitji eða ekki.

Stuðningsmenn stj. telja rangt, að Alþingi sé stj. andvígt, heldur sé það Nd. ein, og atkvæðamagnið á móti stj. í þeim atkvæðagr., sem stj. hafi verið úrslitalega hnigðvaldin, hafi verið 13 og sé þó óvíst, að allir þessir 13 þm. séu á móti stj. yfirleitt. En 13 sé ekki meiri hl. Nd., hvað þá meiri hl. þjóðkj. þm. Samheldnin hjá þessum 13 þm. sé og mjög hæpin. Andst. stj. hafi ekki borið fram vantraustsyfirl. né neitt í þá átt. Meiri hl. þings muni vissulega óska, að stj. hafi þol til að sitja áfram.[2] Enn fremur er á það bent, að í þeim tvö skiptum, sem stj. hafi orðið að fara frá, vegna þess að þeir hafi fengið meiri hl. þings á móti sér, þá hafi verið krafist vantraustsyfirlýsingar frá meiri hl. þjóðkj. þm. Þetta slík yfirl. ekki fengist, virðist það bera vitni um, að meiri hl. þings vilji ekki, að stj. fari. Þetta stj. nú sé þannig í fullu samræmi við þá venju, sem hafi gilt hjá okkur síðan við fengum innlenda stj.[3] Og sannvirðist það alveg fráleit kenning, að stj. eigi að fara frá, ef meiri hl. Nd. sé á móti henni. Í þinginu séu 2 deildir og í Ed. sé 8 þjóðkj. þm. og gæti vel verið að þeir væru allir stj. menn. Þessir þm. eigi að ráða hinu sama um þetta mál, eins og hvert annað. Þeir séu kosnir með alveg sama rétti og þm. Nd.[4]

Gegn þessum skoðunum er því haldið fram, að allir, sem þekki þingræði viti og vilji þá meginreglu, að stj. verði í veigameiri málum að hafa

1) Alþt. 1913 B. 1078

2) Pétur Jónsson, Alþt. 1913 B. 1106–1107, 1111

3) Jón Magnússon, Alþt. 1913 B. 1112.

4) Matthías Ólafsson, Alþt. 1913 B. 1146–1147.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki síður í Nd., sem hafi aðaláhrifin í fjármálunum.[1] Þegar rh. skipti hafi orðið hér á landi hafi það einmitt einatt verið Nd. ein, sem hafi ráðið, enda eigi það svo að vera. Nd. geti gert rh. stjórnina al-ómögulega, ef henni svo sýnist eða neytt hana til að gefa út bráðabirgðafjárl., sem og gert hluttöku hennar í löggjafarstarfinu að engu eða sama sem engu, eins og átt hafi sér stað að þessu sinni. Rh. vilji hinsvegar njóta stuðnings beggja þd. þm., enda hafi þeir fyrr og síðan verið honum öflugasta stoðin, og mjög hæpið, ef ekki al-óvíst, að hann hefði nokkru sinni orðið rh. án þeirra. En ljóst sé, að Nd. beri ekki það traust til rh., sem einatt þurfi að vera milli þingræðisrh. og þjóðkjörnu deildarinnar.[2]

1914 fór rh. Hannes Hafstein, frá án þess að til nokkurrar vantraustsyfirlýsingar kæmi. Næsti rh., Sigurður Eggerz fór svo frá milli þinga og var Einar Arnórsson tekinn við, þegar þing kom saman 1915, og hafði verið grennslast eftir því utan þings hjá þm., hverja afstöðu þeir tækju til hins nýja rh. Hann viðurkenndi og, að hann hafði ekki haft neitt formlegt samþykki Alþingis til að taka við völdum, en það sé ekki venja að gera neina formlega samþykkt um þetta. Þó að sumir þm. væru mjög óánægðir yfir valdatöku hins nýja rh. og þá með hverjum hætti hann hafði aflað staðfestingar á stjskr., þá kom engin vantraustsyfirlýsing fram á þinginu. Í stað þess voru í hvorri d. um sig bornar fram Þál. um yfirlýsingar deildarinnar út af stjskr. staðfestingunni, og var málinu í báðum

Guðmundur Eggerz

1) Alþt. 1913 B. 1041

2) Skúli Thoroddsen Alþt. 1913 B. 1142-1143 og 1050

Tilkynnti hann lausnarbeiðni sína í Sþ. og bað þm. að hraða sem mest útnefning nýs rh. og láta sig vita. Alþt. 1914 B. I 12-14. Ráðherraskiptin svo síðan tilkynnt í Ed. Alþt. 1914 B. II 578, en ekki er getið um neina slíka tilkynningu í Nd. Hinn nýi rh. Sig. Eggerz hélt svo stefnuskrárræðu sína í Sþ. Alþt. B. I 79-84

3) Einar Arnórsson Alþt. 1915 B. III 863-865

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vh. mætti vel við una! Umr. og afgreiðsla málsins skiftir hér ekki öðru máli en því, að afstaða til þessa höfuðmáls ráðherrans var, sem sagt, tekin af hvorri deild um sig, og sýnist enginn ágreiningur um að það sé rétt form. Að vísu vítir vh. flm. fyrir, að þeir skuli ekki hafa fengið málið tekið fyrir á lokuðum fundi í Sþ., en þær vítur rökstyður hann með því, að þeir með ummælum sínum gefi óvinum landsins vopn gegn því,[2] svo að sú mótbára hefur ekki þýðingu hér.

Næst er vantraustsyfirlýsingu borin fram á haustþinginu 1918. Henni var beint gegn tveimur ráðherranna, þ.e. forsætisrh. var undanþeginn, og er hún flutt í Sþ. Engin grein er fyrir því gerð, af hverju sá háttur er á hafður og engar aðfinningar gegn honum virðast koma fram.[3]

Á þingi 1921 er hinsvegar um um það deilt, hverju formi vantraustsyfirl. skuli bera fram. Snemma á því þingi flutti Bjarni Jónsson frá Vogi till. til þál. um framkvæmd á 7. gr. skl., þar sem Nd. skoraði á stj. um ýms atriði þessu viðvíkjandi.[4] Við fyrri umr. till. lýsti forsrh. Jón Magnússon yfir því, að ef till. yrði samþykkt endanlega óbreytt, þá teldi hann það vítur um, að hann hefði ekki það traust Nd., sem hann teldi sér nauðsynlegt til að geta haldið áfram því starfi, sem hann hafi með höndum.[5] Flm. telur hinsvegar ekki vantraust felast í till.[6] Að lokum var till. felld með rökst. dsk.[7]

Skömmu eftir flutning hinnar till. flutti Bjarni Jónsson frá Vogi till. um, að Nd. ályktaði að lýsa yfir vantrausti á þáverandi stjórn.[8] Undir umr. um till. þessa bar Gunnar Sigurðsson fram rökst. dsk. á þá leið, að um leið og Nd. Alþingis lýsir trausti

1) Alþt. 1915 B. III 2148 B. II 900

2) Alþt. 1915 B. III 2072.

Við þingsetningu 1916-1917 sat vh. Einar Arnórsson þess í Sþ., að hann mundi bráðlega beiðast lausnar frá ráðherradómi Alþt. 1916-1917 B. I 13, og í Sþ. hélt Jón Magnússon stefnuskrárræðu sína, þegar hann tók við stjórnarformennskunni Alþt. 1916-1917 B. I 65-68. Hinsvegar er sagt frá því í hvorri deild um sig á þinginu 1917 þegar skift er um þjóðmálarh. Alþt. 1917 B. 2329.

3) Alþt. 1918 (haust) B 17-156

[Á þingi 1919 gefur forsrh. í hvorri deild um sig tilkynningu um lausnarbeiðni lausnarveitingu stjórnarinnar. Alþt. 1919 B. 2511
1920 tilkynnir forsrh. stjórnarskifti í báðum deildum. En í Nd. einni hélt hann einskonar stefnuskrárræðu og spunnust nokkrar umr. út af henni. Alþt. 1920 B. 485-494.

4) Alþt. 1921 A. 377

5) Alþt. 1921 D 279-280, sbr. 282 sbr. 323.

6) Alþt. 1921 D 280

7) Alþt. 1921 D 323

8) Alþt. 1921 A. 504

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur